



Bréf til niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

12. Maí 1928

Bjarni Benediktsson – Stjórnámál – Niðurjöfnunarnefnd – Skattar – Atvinnuleysi

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnámálamaðurinn
Askja 2-1, Örk 1b

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Háttvirt niðurjöfnunarnefnd hefir að þessu sinni lagt á mig aukaútsvar 2000 kr. Er þessi upphæð jafnhá þeirri, sem endanlega var ákveðin af háttv. yfirskattanefnd síðastliðið ár. Það þýðir nú eigi að deila við dómaramann út af þeirri álagning, en engu að síður hygg eg, að þetta háa útsvar mitt nú sé bygt á hugboði um efnahag minn og ástæður, sem ekki er á réttum rökum bygt, og því finn eg mig knúðan til að skjóta þessu máli aftur til háttvirtrar nefndar, í því trausti, að hún sjái réttmæti þess, að lækka nú útsvarið til muna.

Það var að vísu svo síðastliðið ár, að háttvirtur skattstjóri benti mér á skekkju í framtali mínu til skattanefndar, og leiðrétti eg hana þá þegar í samræmi við vísbendingu hans. Fyrir vantaldar húsaleigutekjur í framtalinu óleiðréttu var mér þó refsað með stórkostlegri hækkun útsvars míns. Þessi refsialagning þótti mér afarhörð, þar sem um vangá eða misskilning var að ræða, sem rétt er og heimilt að leiðrétta, eins og gert var, og hugði eg, að sú refsing ætti ekki að standa ár frá ári eða að verða framtíðarmalikvarði fyrir útsvari mínu. Geri eg því ráð fyrir því, að hið háa útsvar mitt í þetta sinn sé bygt á öðrum ástæðum, þ.e.á. s. mjög skökkum frásögnum og ímyndunum um efnahag minn. Getur þetta vitanlega oft komið fyrir, því að það er alkunna, að "margur hyggur auð í annars garð" og að "oft fer sá vilt, er geta skal". Og að því er mig snertir sérstaklega, þá hefi eg beint ástæðu til að átla, að þetta bitni á mér, þar sem mér er kunnugt um, að það hefur verið breytt út, að eg eigi stórfé í peningum, að minsta kosti svo sem 100000 kr.¹⁵⁶ Skyldi mig síst furða, þótt á mig væri lagðar 2000 kr., ef meiri hluti háttvirtrar nefndar hefir lagt trúnað á slíkan hugarburð.- En þessi staðhæfing er gersamlega ástæðulaus, og með öllu úr lausu lofti gripin, þar sem eignir mínar eru engar aðrar en þær,

sem greindar eru í framtali mínu. Það er vitanlega hægt fyrir mann með ríku ímyndunarafli að setjast niður og spekulera upp mikinn gróða fyrir aðra, reikna út, að þessi og þessi hljóti að hafa haft svo og svo miklar tekjur á undanförunum árum og þessvegna "hljóti" hann að eiga svo eða svo mikið fé í peningum eða verðbréfum, jafnvel hundruð þúsunda. En því miður mun slíkt hugmyndaflug sjaldan koma heim við veruleikann. Það er hvorttveggja, að oft er þá krít að heldur en ekki liúgt um tekjurnar og í annan stað hætt við, að margir útgjaldaliðirnir komi ekki til greina í þeim útreikningum. Að minsta kosti hefur það orðið svo, um þann stórgróða, sem mér hefur verið eignaður af einstaka manni á þessum síðustu tímum. Á hinn bóginn atti að vera ljóst, að langvarandi veikindi og læknishjálp jafnvel áratugum saman kosta ekki lítið fé, framfærsla heimilis hér í Reykjavík á öllum dýrtíðarárunum hefir mörgum reynst nokkuð útdráttarsöm, sífeldur tilkostnaður við viðgerðir á gömlum húseignum, þar sem oft eru leigjandaskifti, er svo margvíslegur og sléðandi fé, að seint yrði upptalið, og stundum verður nokkuð mikill misbrestur á húsaleigugreiðslum. Það kostar og ekki alllítið fé, að styðja venslamenn og skyldmenni til menta utanlands og innan, stundum fjögur á sama tíma, osfrv. osfrv. En um þetta er óhægt að gefa sundurliðaðan reikning eftir fleiri eða færri ár, þar sem enginn slíkur búreikningur er haldinn, - en af þessu og því líku mega sanngjarnir menn skilja, að ekki sé að að ganga neinum peningafúlgum eða sérstökum verðmætum fram yfir það, sem fram er tekið í framtali mínu. Aðrir fjármunir eru alls eigi fyrir hendi.

Þá vil eg skýra háttvirtrei nefnd frá því, að frá síðastliðnu nýári var mér sagt upp atvinnu minni og er með öllu atvinnulaus síðan og býst við að verða, þar sem eg er orðinn heilsutæpur fyrir aldurs sakir. Falla því niður árslaun mín 4800 kr., sem eg hefi haft síðastliðin ár. Þetta kemur að vísu ekki við árstekjum mínum síðastliðið ár, og hefir því engin áhrif á tekjuskatt minn í þetta sinn, en þar sem aukaútsvöt eru einnig miðuð við ástæður, þá vanti eg þess, að háttvirt nefnd taki fult tillit til

Þessa viðvikjandi útsvars-upphæð minni í þetta sinn, -sviðarkenni, að mér verði torveldara að gjalda þung gjöld, þegar atvinnutekjur mínar eru með öllu horfnar.

Að svo mæltu skýt eg máli mínu til háttvirtrar nefndar með þeim til-
mælum, að hún fari útsvar mitt niður samkvæmt reglum hennar, eftir því
sem raunverulegar tekjur mínar segja til, og með hliðsjón af því, að eg
hefi tapað atvinnu minni, en tel alveg óþarft að bera mig að öðru leyti
saman við einstaka menn, enda mun sú venja nú að mestu niður lögð.

Eg lat nægja að gefa nefndinni ofangreinda upplýsingu um atvinnuleysi
mitt og að leiðréttu þann ástaðulausa hugarburð um peningaeign mína, sem
eg hefim orðið áskynja um, að upp hefir verið kveiktur hér í banum. Frekari
skýringar er eg fús að gefa ef óskað er.

Virðingarfylst

Laugaveg 66, 12.mai 1928.

Til

niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.